

T I L L A G A

til þingsályktunar um nýjar áherslur í skipulagi á æskulýðsmálum.


(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir nýtt skipurit æskulýðsmála sem felur í sér eftirfarandi:

Skipaður verður svæðisstjóri æskulýðsmála í hverju prófastsdæmi en undir hverjum svæðisstjóra starfi verkefnastjóri æskulýðsmála (áður æskulýðsfulltrúi), sem ráðinn er í samráði svæðisstjóra og presta til þjónustu í prestakalli. Áfram starfi æskulýðsleiðtogar en þeir verði ráðnir í samráði verkefnastjóra æskulýðsstarfs, presta og sóknarnefndar og heyra undir verkefnastjóra í samráði við prest safnaða. Skipaninni er lýst á meðfylgjandi skipuriti:



Innleiðing á þessu fyrirkomulagi hefst í byrjun árs 2022 og fer fram í þremur fösám. Á árinu 2022 verði fasa eitt lokið, nánar tiltekið verði nýtt skipurit innleitt í Reykjavíkurrófastsdæmi, Austurlandsprófastsdæmi og á einu samstarfssvæði til viðbótar sem ákveðið verði í samráði við biskup og viðkomandi prófast. Stofnsettar verði æskulýðsmiðstöðvar þar sem svæðisstjórar og verkefnastjórar starfa. Vonast er

til þess að verkefnastjórar geti tekið til starfa um haustið skv. nýju skipulagi og þarfagreiningu sem unnin er í samráði héraðs og prestakalla. Reynslan af innleiðingu á fasa 1 verður nýtt til að útfæra fasa 2 og 3.

Skipaður verði starfshópur um æskulýðsmál sem beri ábyrgð á innleiðingu á fasa 1 í samráði við biskup Íslands og prófasta þeirra prófastsdæma sem fasi 1 nær til. Starfshópurinn heldur jafnframt utan um skipulagningu, útfærslu og innleiðingu á fasa 2 og 3 og ber tillögur sínar fyrir kirkjuþing 2022-2023.

Kapp verði lagt á að vinnuréttarsambandi starfsmanna sem sinna æskulýðsstarfi verði styrkt svo þeir hætti að vera verktakar og verði starfsmenn. Til þessa hafa flestir æskulýðsleiðtogar og -fulltrúar verið verktakar þrátt fyrir áskoranir um að breyta þar um. Lagt er til að laun verkefnastjóra æskulýðsmála, æskulýðsleiðtoga og ungleiðtoga¹ verði greidd af Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu, sem rukki sóknir um hlutdeild þeirra í kostnaðinum, hvort sem talið yrði heppilegt að fjármagnið kæmi beint frá viðkomandi sóknum, héraðssjóðum eða yrði styrkt með annars konar úthlutun kirkjunnar. Fyrirkomulag við greiðslu launa verður þó eðli málsins samkvæmt útfært í samráði við alla hlutaðeigandi. Laun svæðisstjóra æskulýðsmála verði fjármögnuð af Þjóðkirkjunni - Biskupsstofu. Nýtt skipulag byggir á að um ræði 5 stöðugildi en í dag eru þau 1,5. Eftir innleiðingu fasa 1 yrðu störfin 2,5.

Að lokum samþykki kirkjuþing að 7. mál kirkjuþing 2017, um hlutdeild ungs fólks í kirkjustarfi og stjórn, verði innleitt.

Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2019 var samþykkt þingsályktun um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og á kirkjuþingi 2020-2021 var samþykkt að þeirri vinnu yrði haldið áfram. Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson hefur stýrt stefnumótunarvinnunni sem hófst með umfangsmiklum stefnumótunarfundi sem haldinn var 6. febrúar síðastliðinn. Alls tóku 96 fundargestir þátt en þar komu fram sjö forgangsmál skýrt fram. Þau eru eftirfarandi:

- 1) Efla og bæta æskulýðsstarf.
- 2) Endurskoða stjórnskipun kirkjunnar.
- 3) Efla til muna kynningarstarf.
- 4) Tryggja fjárhagslegt öryggi og gæta að ráðdeild.
- 5) Efla mannauð kirkjunnar.
- 6) Efla stuðning við einstaka þætti í starfsemi safnaða.

1) Ungleiðtogi er aðstoðarmaður í barna og unglíngastarfi sem er að stíga sín fyrstu skref. Þetta er aðili undir 18 ára aldri sem þar af lútandi getur ekki borið ábyrgð á starfinu en getur stutt við aðra starfsmenn.

7) Efla aðsókn að kirkjunni.

Á vormánuðum var settur saman starfshópur til að fjalla um æskulýðsmál þjóðkirkjunnar. Mál þetta er afurð hópsins en markmið með framangreindum tillögum er að styrkja æskulýðsstarf og nýliðun innan þjóðkirkjunnar og tryggja að kirkjan sinni því hlutverki sem hún hefur sett sér varðandi þau mál. Reynt er að tryggja að æskulýðsstarf verði blómlegt, að sú mikla reynsla sem er til staðar verði nýtt, stuðningur við starfsfólk æskulýðsmála sé til staðar og að stöðugt æskulýðsstarf verði tryggt. Til þess að ná þeim markmiðum er nauðsynlegt að sett verði fram skýrara skipurit fyrir æskulýðsmál sem nær yfir allt landið þannig að allar sóknir geti átt kost á því að bjóða upp á samkeppnishæft æskulýðsstarf.

Tryggja þarf faglegt æskulýðsstarf og að starfsmenn sem sinni því starfi hafi nægan stuðning. Þetta er mikilvægt þar sem æskulýðsstarf er oft fyrsti snertiflötur fólks við þjóðkirkjuna og leið fólks (barna og foreldra þeirra) inn í kirkjuna. Sambærilegt starf á að vera í boði um allt land og má ekki vera háð búsetu fólks.

Lögð er áhersla á að ekki verði um að ræða þenslu í stöðugildum heldur hagræðingar með tilkomu samstarfssvæða. Nýtt skipurit kallar á ráðningar í störf sem þegar ættu að vera til, samkvæmt fræðslustefnu þjóðkirkjunnar. Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til er reiknað með mikilli hagræðingu. Með stofnun samstarfssvæða má reikna með fjárhagslegri hagræðingu með auknu og vel skipulögðu samstarfi innan hvers prófastsdæmis. Starfsfólk mun nýtast betur þar sem sóknir fá hlutdeild í verkefnastjóra sem er í lægra starfshlutfalli en ef um sjálfstæða ráðningu æskulýðsfulltrúa væri að ræða. Tillagan mun leiða til færri óhagkvæmra hlutastarfa æskulýðsfulltrúa auk hagræðingar í kynningarmálum, dagskrárgerð og efniskaupum. Æskulýðsmiðstöðvar eru vettvangur til hagræðingar í kaupum á efni og búnaði sem má samnýta, s.s. spilasafn, föndurbúnaður, efni, hljóðkerfi, grill o.s.frv. en frekari upplýsingar um hagræðingu auk launatöflu má finna í greinargerð starfshóps sem fylgir máli þessu. Með þeim skapast aðstaða til að halda úti héraðsstarfi sem ekki er hægt að starfrækja í einni sókn, s.s. leiðtogaskóla, ungu-kirkjuna 16+, héraðsmót, leik- og tónlistarklúbba og fræðslufundi. Með slíkum miðstöðvum kemur grundvöllur fyrir eftirfylgni, afleysingar og stoðþjónustu við æskulýðsstarf í sóknum sem leiða til aukins stöðugleika starfsins.

Tillagan gerir ráð fyrir að störfum svæðisstjóra æskulýðsmála² og verkefnastjóra æskulýðsmála³ verði lyft upp og ábyrgð aukin. Gert er ráð fyrir að svæðisstjórum æskulýðsmála og verkefnastjórum verði falið að skoða og fylgja eftir að framboð og samvinna á þeirra svæði sé fullnægjandi. Leggja þarf sérstaka áherslu á

² Svæðisstjórar æskulýðsmála samsvara starfi fræðslufulltrúa og æskulýðsfulltrúa Reykjavíkurprófastsdæmanna.

³ Stöðugildið samsvarar því stöðugildi sem nú heitir æskulýðsfulltrúi. Störf æskulýðsleiðtoga og ungleiðtoga haldast óbreytt.

10-12 ára starf svo börn myndi tengsl við kirkjuna áður en ákvörðun um fermingu liggur fyrir. Öflugt starf foreldramorgna fá foreldra til að koma sjálfir í kirkjuna til að eiga samfélag auk þess sem starfið eykur líkur á því að foreldrar fylgi börnum sínum inn í kirkjuna, t.d. í sunnudagaskóla. Skoða þarf tímasetningar á sunnudagaskólanum, mismunandi tímasetningar milli sókna gætu aukið þátttöku. Þá eru fjölskyldusamverur eftir skóla vinsæll valkostur víða erlendis. Jafnframt hefur komið í ljós vöntun á fleiri sumarnámskeiðum fyrir grunnskólabörn.

Tryggja þarf að starf sem búið er að lofa sé í boði og að upplýsingar á heimasíðum sókna séu réttar. Svæðisstjórum og verkefnastjórum yrði sköpuð aðstaða til að reyna að vinna í að efla samstarf sókna við skóla, íþróttafélög, sveitafélög og/eða aðra aðila í og mögulega afla styrkja. Mikilvægt er þó að rekstrarframtíð æskulýðsstarf byggji ekki á væntingum um styrki.

Tillaga þessi reynir að mæta þessum vanköntum sem og niðurstöðum úr könnun á stöðu æskulýðsmála í kirkjunni frá árinu 2019. Niðurstöður könnunarinnar eru raktar í greinargerð starfshópsins en þar kemur í ljós að skipulagi á barna- og æskulýðsstarfi er stórkostlega ábótavant, boðleiðir eru óljósar, ráðningarsamband óskýrt, starfsmönnum vantar bakland, stuðning og leiðsögn frá ábyrgum aðila og æskulýðsstarfsmenn hafa brunnið út og hætt vegna álags.

Þess má geta að þar sem starfsrækt eru héraðssambönd fyrir æskulýðsmál (ÆSKEY, ÆSKR, ÆSKA), þar er starfið blómlegra. Það er staðreynd að oft hefur æskulýðsstarf fallið sjálfkrafa niður þegar starfsmaður sem annast æskulýðsmálin lætur af störfum innan safnaðarins. Fækkun í æskulýðsstarfi þarf alls ekki að þýða að áhugi hafi dvínað heldur skiptir stöðugleiki og fagmennska öllu máli. Í dag er ekki raunhæft að ætla sjálfboðaliðum að halda starfinu uppi. Starfið þarf að vera faglegt enda bera æskulýðsstarfsmenn ábyrgð á ólögráða einstaklingum og starfsmaðurinn er gjarnan eina tengingin milli heimilis og kirkju. Það þarf t.d. að vera raunhæft í framkvæmd að starfsmaður verði aldrei einn með hóp barna heldur er nauðsynlegt að a.m.k. tveir starfsmenn séu á staðnum. Samfélagið sem við lifum í er orðið flóknara, tæknin hefur breyst og kröfur aukist s.s. varðandi vinnuvernd, persónuverndarreglur, samskiptareglur o.s.frv.

Tillagan gerir ráð fyrir að skipaður verði starfshópur um æskulýðsmál sem fylgi innleiðingu eftir og skipuleggur og útfærir innleiðingu á fasa 2 og 3 í samráði við stýrihóp um stefnumótun og hlutaðeigandi aðila. Mun það jafnframt koma í hlut starfshópsins að vera í samskiptum við sóknir og meta í samráði við þær aðstæður á hverjum stað, t.d. ef bæjarfélög styrkja æskulýðsstarf tiltekinnar sóknar, þá má sjá fyrir sér að bæjarfélagið greiddi beint til sóknarinnar sem greiddi hlutdeild í launum áfram til þjóðkirkjunnar.

Að lokum felur tillagan í sér að kirkjuþing samþykki að 7. mál kirkjuþings 2017, um hlutdeild ungs fólks í kirkjustarfi og stjórn, verði innleitt í starfsreglur og skipulag þjóðkirkjunnar. Innleiðing þessarar samþykktar í starfsreglur og sér í lagi þátttaka yngra fólks á kirkjuþingi mun efla tengsl þingsins við grasrótina og æskulýðsstarfið. Innleiðing þingsályktunartillögunnar er undirstaða þess að efla ungt fólk innan þjóðkirkjunnar og efla enn frekar framtíð kirkjunnar.